Fullgild rafræn undirskrift
JÓN GUNNAR JÓNSSON
Kennitala: 100468-3019
2020-10-09 11:58:33 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Bankasýsla ríkisins

## 09 977

# Ársreikningur 2019

## Efnisyfirlit

**Bls.**


Skýrsla og áritun forstöðumanns ........................................................ **2**
Yfirlit um afkomu ársins ...................................................................... **3**
Efnahagsreikningur ............................................................................. **4**
Sjóðstreymisyfirlit ............................................................................... **5**
Skýringar ............................................................................................ **6**



**Bankasýsla ríkisins**
**kt. 620909-0170**
**Borgartún 3, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Bankasýsla ríkisins er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma, og leggur þeim til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimilda í fjárlögum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokka 2 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 75,8 milljónir og afkoma kr. -3,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 0,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 10,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Bankasýslu ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Bankasýslu ríkisins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Jón Gunnar Jónsson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

# Yfirlit um afkomu ársins 2019

| | Skýr | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga ........................................................................... | 2 | 75.000.000 | 49.400.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára ........................................................ | 3 | 831.707 | 843.537 |
| **Tekjur samtals** | | 75.831.707 | 50.243.537 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður ........................... | 4 | 56.658.856 | 57.056.921 |
| Annar rekstrarkostnaður ........................................................................... | 5 | 21.663.291 | 18.012.207 |
| Afskriftir .................................................................................................... | 6 | 831.707 | 843.537 |
| **Gjöld samtals** | | 79.153.854 | 75.912.665 |
| **Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði** | | (3.322.147) | (25.669.128) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap ......................................................... | 7 | (327.268) | (150.840) |
| | | (327.268) | (150.840) |
| **Afkoma ársins** | | (3.649.415) | (25.819.968) |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | Skýr | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 8 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður ........................................ | | 518.894 | 1.155.615 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 518.894 | 1.155.615 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Tengdir aðilar ........................................ | 9 | 9.961.686 | 14.360.080 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 9.961.686 | 14.360.080 |
| **Eignir samtals** | | 10.480.580 | 15.515.695 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 10 | | |
| Hrein eign ........................................ | | 553.142 | 4.202.557 |
| **Eigið fé samtals** | | 553.142 | 4.202.557 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar ........................................ | 9 | 73.450 | 0 |
| Viðskiptaskuldir ........................................ | | 352.684 | 894.665 |
| Ýmsar skammtímaskuldir ........................................ | 11 | 9.177.396 | 9.262.858 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda ........................................ | 12 | 323.908 | 1.155.615 |
| **Skuldir samtals** | | 9.927.438 | 11.313.138 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 10.480.580 | 15.515.695 |
| **Aðrar upplýsingar** | 13 | | |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

| | Skýr | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (3.649.415) | (25.819.968) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 6 | 831.707 | 843.537 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (831.707) | (843.537) |
| | | (3.649.415) | (25.819.968) |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur | | 0 | 3.811 |
| Tengdir aðilar | | 4.471.844 | 25.619.360 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (627.443) | 196.797 |
| | | 3.844.401 | 25.819.968 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 194.986 | 0 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 8 | (194.986) | 0 |
| | | (194.986) | 0 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 0 | 0 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 0 | 0 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:
Áhöld, tæki og búnaður ........................................................................................................ 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.
Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

# Skýringar

| 2 Tekjufærsla fjárveitinga | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 75.000.000 | 49.400.000 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga | 0 | 843.537 |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 75.000.000 | 49.400.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 831.707 | 843.537 |
| | 75.831.707 | 50.243.537 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar- tilfærslur | Fjármagns- tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 59.000.000 | 0 | 0 | 59.000.000 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 16.000.000 | 0 | 0 | 16.000.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **75.000.000** | **0** | **0** | **75.000.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | (78.649.415) | 0 | 0 | (78.649.415) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **(3.649.415)** | **0** | **0** | **(3.649.415)** |

| 4 Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Laun | 46.875.686 | 45.610.017 |
| Orlof, breyting | (108.527) | 1.686.295 |
| Launatengd gjöld | 9.891.697 | 9.715.109 |
| Starfsmannakostnaður | 0 | 45.500 |
| | 56.658.856 | 57.056.921 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 3,0 | 3,0 |

| 5 Annar rekstrarkostnaður | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 1.349.337 | 1.183.775 |
| Ýmis tæki og áhöld | 0 | 52.907 |
| Matvæli | 364.058 | 324.241 |
| Almennar rekstrarvörur | 27.972 | 76.115 |
| Vörukaup, almenn | 1.741.367 | 1.637.038 |
| Fundir, námskeið, risna | 203.690 | 361.131 |
| Ferðir, uppihald | 146.283 | 62.668 |
| Akstur | 140.764 | 168.300 |
| Sérfræðiþjónusta | 6.163.835 | 3.534.808 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 82.716 | 52.655 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 970.323 | 1.273.236 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 568.690 | 427.972 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 8.276.301 | 5.880.770 |
| Afnotagjöld | 4.400.110 | 4.012.484 |
| Leigugjöld | 5.596.337 | 5.541.185 |
| Verkkaup | 1.022.057 | 528.479 |
| Kostnaðarhlutdeild | 627.119 | 412.251 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 11.645.623 | 10.494.399 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 21.663.291 | 18.012.207 |

## Skýringar

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| **6 Afskriftir** | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 831.707 | 843.537 |
| | 831.707 | 843.537 |

| | | |
|---|---|---|
| **7 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap** | | |
| Fjármagnskostnaður | 327.268 | 150.840 |
| | 327.268 | 150.840 |

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **8 Varanlegir rekstrarfjármunir** | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 518.894 | 1.155.615 |
| | 518.894 | 1.155.615 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

| | Áhöld, tæki og búnaður |
|---|---|
| Staða 1.1.2019 | 6.858.084 |
| Viðbætur á árinu | 194.986 |
| | 7.053.070 |
| Afskriftir 1.1.2019 | 5.702.469 |
| Afskrift ársins | 831.707 |
| | 6.534.176 |
| Staða 31.12.2019 | 518.894 |

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **9 Tengdir aðilar** | | |

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 9.961.686 | 13.322.549 |
| Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga | 0 | 1.037.531 |
| | 9.961.686 | 14.360.080 |

# Skýringar

**10 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | 4.202.557 | 30.022.525 |
| Afkoma ársins | (3.649.415) | (25.819.968) |
| Jöfnuður 31.12. | 553.142 | 4.202.557 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

**11 Ýmsar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 9.112.296 | 9.220.823 |
| Ógreidd laun | 65.100 | 42.035 |
| | 9.177.396 | 9.262.858 |

**12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 518.894 | 1.155.615 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga | (194.986) | 0 |
| | 323.908 | 1.155.615 |

| | **Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga** | **Fjárfestinga-fjárveiting** | **Samtals frestaðar tekjur** |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2019 | 1.155.615 | 0 | 1.155.615 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 194.986 | (194.986) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (831.707) | 0 | (831.707) |
| | 518.894 | (194.986) | 323.908 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 0,4 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

# Skýringar

**13 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Stofn hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði ótímabundinn og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 5,6 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 4,4 milljónum.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

*Veittar ábyrgðir*
Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*
Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

*Óafturkallanleg loforð*
Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.